við stofnunina svo sem um fjárhald og bókhald, rekstur húsnæðis, skrifstofu og upplýsingakerfis, annan almennan skrifstofurekstur og aðra sambærilega þætti.

8. gr.

Færa skal til bókar meginatriði þess sem fram fer á fundum stjórnar og ákvarðanir hennar. Fundargerðir skulu sendar kirkjuráði reglulega.

9. gr.

Stjórnarmenn og starfsfólk stofnunarinnar er bundið þagnarskyldu um það sem leynt á að fara þ. e. málefni skjólstæðinga, annað sem lýtur að rækslu starfa þeirra og málefni stofnunarinnar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

10. gr.

Fjölskyldumeðferð er heimilt að afla sértekna samkvæmt gjaldskrá er staðfest skal af kirkjuráði.

11. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar árið 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kirkjuráð skal tilnefna stjórn stofnunarinnar eins skjótt og kostur er eftir að reglur þessar hafa öðlast gildi. Starfstími þeirrar stjórnar er frá 1. janúar árið 2001 til loka júnímánaðar 2003. Endurskoða skal starfsreglur þessar innan tveggja ára.

Gjört í Reykjavík, 8. nóvember 2000.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 8. nóvember 2000.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

8. nóvember 2000 Nr. 825

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um söngmál og tónlistarfræðslu á vegum þjóðkirkjunnar.

„STARFSREGLUR
um söngmál og tónlistarfræðslu á vegum þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Á vegum þjóðkirkjunnar skal staðið að söngmálastjórn og tónlistarfræðslu. Verkefni þetta er á sviði helgihalds kirkjunnar.

2. gr.

Með söngmálastjórn og tónlistarfræðslu kirkjunnar skal
a) halda uppi kennslu í kirkjutónlist og líturgískum fræðum
b) mennta organista til starfa
c) veita þeim sem að kirkjulegu starfi koma, organistum, kirkjukórum og öðru tónlistarfólki, stuðning, aðstoð og ráðgjöf á sviði söng- og tónlistarmála.

3. gr.

Til að sinna verkefnum samkvæmt 1. og 2. gr. skal starfrækja sérstaka stofnun á vegum þjóðkirkjunnar er nefnist Tónskóli þjóðkirkjunnar, sem heyrir undir kirkjuráð.

4. gr.

Kirkjuráð getur samið við kirkjulega aðila, ríki, sveitarfélög eða aðra um þjónustu er skólanum er ætlað að veita skv. 2. gr.

5. gr.

Með yfirstjórn skólans fer þriggja manna stjórn, skipuð af kirkjuráði til fjögurra ára, frá og með 1. júlí árið eftir kjör til kirkjuráðs. Kirkjuráð skipar þrjá varamenn frá sama tíma. Kirkjuráð óskar eftir tilnefningum frá guðfræðideild Háskóla Íslands og Félagi íslenskra organista. Kirkjuráð velur formann og varaformann.

Stjórnin ber ábyrgð á að skólinn sinni skyldum sínum og að skólinn haldi sig innan fjárheimilda hverju sinni.

6. gr.

Stjórnin gerir árlega starfs- og rekstraráætlun og leggur fyrir kirkjuráð til samþykktar fyrir lok septembermánaðar. Starfs- og rekstrarár skólans er almanaksárið. Stjórn og söngmálastjóri skulu á hverju reikningsári semja ársreikning. Jafnframt skal samin skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár. Stjórn og söngmálastjóri skulu undirrita ársreikninginn. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fyrir kirkjuráð.

7. gr.

Stjórn, í samráði við kirkjuráð, ræður söngmálastjóra, sem jafnframt er skólastjóri og setur honum erindisbréf. Söngmálastjóri annast daglega yfirstjórn skólans og ræður annað starfsfólk hans í samráði við stjórn. Heimilt er að semja við annan aðila um rekstrarþjónustu við skólann svo sem um fjárhald og bókhald, rekstur húsnæðis, skrifstofu og upplýsingakerfis, annan almennan skrifstofurekstur og aðra sambærilega þætti.

8. gr.

Færa skal til bókar meginatriði þess sem fram fer á fundum stjórnar og ákvarðanir hennar. Fundargerðir skulu sendar kirkjuráði reglulega.

9. gr.

Tónskólanum er heimilt að afla sértekna samkvæmt gjaldskrá er staðfest skal af kirkjuráði.

11. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar árið 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kirkjuráð skal tilnefna stjórn skólans eins skjótt og kostur er eftir að reglur þessar hafa öðlast gildi. Starfstími þeirrar stjórnar er frá 1. febrúar árið 2001 til loka maímánaðar 2003. Endurskoða skal starfsreglur þessar innan tveggja ára.

Gjört í Reykjavík, 8. nóvember 2000.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 8. nóvember 2000.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

8. nóvember 2000 Nr. 826

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um prestssetrasjóð.

„STARFSREGLUR
um prestssetrasjóð.

Staða prestsseturs.

1. gr.

Hvert lögboðið prestssetur er hluti af embætti prestsins. Prestur er vörslumaður prestsseturs og ber ábyrgð á því ásamt prestssetrasjóði, sem starfar í umboði kirkjuþings.

2. gr.

Hvert lögboðið prestssetur er sérstök og sjálfstæð rekstrareining samkvæmt reglum þessum.

Hverju lögboðnu prestssetri tilheyrir fyrningarsjóður er varðveitist í prestssetrasjóði og sjóðsstjórn stýrir. Úr fyrningarsjóði hvers prestsseturs greiðist kostnaður vegna prestssetursins, svo sem vegna nýframkvæmda og endurbóta, svo og annar tilfallandi kostnaður við prestssetrið, annar en sá sem prestur greiðir. Í fyrningarsjóð greiðast hreinar tekjur af hlunnindum viðkomandi prestsseturs, húsaleiga og aðrar tekjur sem stjórn sjóðsins fer með og bókfærir hjá hverju prestssetri.

3. gr.

Prestur hefur öll lögmæt og eðlileg afnot prestsseturs, meðan hann gegnir prestsembætti. Prestur hefur umsjón með og hirðir arð af prestssetri og gætir hlunninda samkvæmt samkomulagi við prestssetrasjóð. Prestur getur eigi ráðstafað prestssetri eða réttindum sem því tengjast, þannig að bindi prestssetrasjóð og/eða þannig að ráðstöfun gildi lengur en hann gegnir embætti sínu, án samþykkis stjórnar prestssetrasjóðs og annarra lögmæltra aðilja hverju sinni. Prestur getur ekki, án samþykkis stjórnar prestssetrasjóðs, gert löggerninga sem fela í sér óeðlilega ráðstöfun prestsseturs, miðað við eðlileg og hefðbundin not þess. Alla löggerninga, sem fela í sér varanlega skerðingu eða breytingu á prestssetri, ásýnd þess – eða viðbætur við prestssetrið – gerir stjórn prestssetrasjóðs, svo og löggerninga vegna réttinda sem undanskilin kunna að vera afnotarétti prests.